

## Afgreiðslufundur

Ár 2024 föstudaginn 22. nóvember, kl. 09:00 var haldinn 1806. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Helgi Guðjónsson, Sigríður J. Jónsdóttir, Guðjón Ingi Eggertsson, og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Nova hf. kt. 531205-0810, dags. 10. október 2024, að loknu auglýsingaferli, um tímabundið starfsleyfi fyrir útihátíð (Stuðsvell Nova x Orkusalan) og starfsemi með kælikerfi þar sem notaður er kælimiðill sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni og þjónusta við þau kerfi, á Ingólfstorgi. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 22. nóvember 2024 til 5. janúar 2025 með *Starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir skautasvell Nova á Ingólfstorgi 22. nóvember 2024 til 5. janúar 2025, Almennum starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi.*

- Lagt fram að nýju erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 30. júlí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 24. júlí 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Skemmtigarðsins ehf. kt. 650602-4470, Engihjalla 8, 200 Kópavogi, um rekstrarleyfi fyrir gistingu í Flokki II, tegund; C Minna gistiheimili í flokki II (Reykjavík Domes) að Gufunesvegi 3, Fasteignanúmer: F2526002 rýmisnúmer 13 0101, 14 0101, 15 0101.

Samþykkt að gefa jákvæða umsögn með eftirfarandi skilyrðum, með vísun í 7. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, á meðan umsókn um starfsleyfi er til vinnslu hjá heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

- Umsækjandi vinni áhættugreiningu sbr. 10. gr. rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
- Notkun á heitum pottum við gistingu er óheimil þar til niðurstöður áhættugreiningar liggja fyrir.
- Notkun á kamínum í hýsunum er óheimil þar til niðurstöður áhættugreiningar liggja fyrir.

**Fundi slitið kl. 09:30**

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Helgi Guðjónsson

Guðjón Ingi Eggertsson